## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

| | Upp að 30 amp. Kr. | 35—50 amp. Kr. | 50—100 amp. Kr. | 100—500 amp. Kr. | Yfir 500 amp. Kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1-fasa kWst.-mælar ........ | 332.00 | 409.00 | 446.00 | | |
| 3-fasa kWst.-mælar ........ | 563.00 | 862.00 | 1 112.00 | 1 852.00 | 4 074.00 |
| Tvígjalds- og mestastr.-mælar | | 1 112.00 | 1 852.00 | 2 983.00 | 5 974.00 |
| Skiptirofar/skiptiklukkur .. | 1 423.00 | | | | |

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af rafveitustjórn og bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1976, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 33 25. janúar 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. júní 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

24. júní 1974. Nr. 202.

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

### I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald .................................. kr. 20.60 á kWst.

12. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:
Mælisleiga samkvæmt kafla II.
Orkugjald .................................. — 6.10 á kWst.

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Fastagjald af gólffleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja: | | |
| | Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. ........ | kr. | 99.00 á m² á ári |
| | Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ........... | — | 38.00 á m² á ári |
| 13. | Til götulýsingar um kWst.-mæli: | | |
| | Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| | Orkugjald ................................ | — | 6.10 á kWst. |
| 14. | Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli: | | |
| | Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| | Orkugjald ................................ | — | 10.30 á kWst. |

## 2. Almenn heimilisnotkun o. fl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21. | Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli: | | |
| | Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| | Orkugjald ................................ | — | 4.60 á kWst. |
| | Fastagjald af hverju herbergi ................ | — | 408.00 á ári |
| | Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi 5 $m^2$ eða minna reiknast hálft, en 25 $m^2$ eða stærra tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 $m^2$, má reikna með þeirri meðalstærð. | | |
| 22. | Til matargerðar í gisti- og veitingahúsum og öðrum slíkum stöðum, enn fremur súgþurrkunar, enda séu öll tæki fasttengd, um kWst.-mæli: | | |
| | Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| | Orkugjald ................................ | — | 4.60 á kWst. |

## 3. Vélanotkun o. fl.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 31. | Um kWst.-mæli: | | |
| | Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| | Orkugjald ................................ | — | 10.30 á kWst. |
| | Heimilt er að selja raforku til lýsingar eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12, en þriðjungi lægra. | | |
| 32. | Um afl- og orkumæla: | | |
| | Mælisleiga samkvæmt kafla II. | | |
| | Orkugjald ................................ | — | 1.53 á kWst. |
| | Aflgjald, lágmark 2 kW ................... | — | 16 020.00 á ári |
| | Aflgjald, umfram 2 kW .................... | — | 5 340.00 á kW á ári |
| | Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili. Aflnotkunin mælist sem meðalálag yfir 15 mín. | | |
| | Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlið. Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlið 12 og lágmarksaflgjald af 20 kW. | | |

33. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald ................................ | kr. | 1.53 á kWst. |
| Aflgjald, lágmark 2 kW ........................ | — | 13 836.00 á ári |
| Aflgjald af uppsettum kW í málraun véla, umfram 2 kW ................................ | — | 4 248.00 á kW á ári |

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

## 4. Hitun.

41. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ................................ kr. 2.73 á kWst.

42. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ................................ — 1.18 á kWst.

43. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ................................ — 0.71 á kWst.

44. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. að degi til.
Um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ................................ — 1.37 á kWst.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1500 klst. notkun á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt reglum er gilda um leigu mæla.

c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 3 000.00 á ári. Mismun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra árshelmingi næsta árs.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 40 A og minni .................... kr. 330.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 50 A og minni .................... — 744. á ári
3. Af þrífasa kWst.-mælum yfir 50 A og til 100 A ............ — 834.00 á ári

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, enn fremur klukkurofum, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði tækjanna.

## III HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur stofnvara 220 V kerfi Amp. | Málstraumur stofnvara 380 V kerfi Amp. | Hámarks-afl kVA | Heimtaugar-gjald kr. | Yfirlengdargjald Jarðstengur kr./m | Yfirlengdargjald Loftlína kr./stólpa |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 × 60 | 1 × 60 | 13 | 15 930 | 783 | 12 705 |
| 3 × 60 | 2 × 60 | 22 | 22 155 | 928 | 15 165 |
| 3 × 100 | 3 × 60 | 38 | 33 240 | 1 080 | 17 325 |
| | 3 × 100 | 66 | 54 600 | 1 362 | 20 085 |
| 3 × 200 | | 75 | 58 875 | 1 452 | |
| 3 × 350 | 3 × 200 | 132 | 98 340 | 2 031 | |
| | | 150 sp. | 110 820 | x | |
| | | 300 sp. | 214 710 | x | |
| | | 500 sp. | 353 235 | x | |

Umframgjald, vegna stærðar lóðar fyrir bæði jarðstrengs- og loftlínuheimtaug, reiknast kr. 5.50 á hvern m² umfram 800 m².

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum eða næsta útitengikassa að stofnvarkassa (eða stofntengikassa) hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Í nýjum byggingahverfum er rafveitunni heimilt að jafna yfirlengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga.

Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í götulínu stystu greiðfæra leið að varkassa.

Sé lögð bráðabirgða-heimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 60 amp einfasa .................................. | kr. 4 200 |
| 60 amp þrífasa .................................. | — 5 700 |

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Þegar stækka þarf heimtaug eða spenni vegna ákveðins notanda, skal hann greiða mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

x) Greiðist samkvæmt kostnaði.

## IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 450.00.

Ef fundin eru óleyfilega eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald, kr. 450.00 til rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 14. maí 1974, sbr. heimild nr. 85 14. maí 1974, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 379 11. desember 1973.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. júní 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

***Jóhannes Guðfinnsson.***

24. júní 1974. Nr. 203.

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 272 18. nóvember 1966 um sektargerðir lögreglustjóra.

**1. gr.**

Í stað „5 000 króna“ í 1. málsgr. 1. gr. komi: 10 000 króna.

**2. gr.**

Í stað orðanna „Saksóknari ríkisins“ í 2. gr. komi: Ríkissaksóknari.

**3. gr.**

Í stað orðsins: „saksóknara” í 7. gr. komi: ríkissaksóknara.

**4. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 73 21. júní 1973 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 61 21. maí 1974, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

***Ólafur W. Stefánsson.***